

Góður rekstur og sterk fjárhagsstaða

Fjórði ársfjórðungur (4F)

- Rekstrartekjur á 4F 2025 voru 114,5 m€ samanborið við 105,2 m€ á 4F 2024
- EBITDA nam 22,0 m€ á 4F samanborið við 18,3 m€ á sama tímabili 2024
- Hagnaður á 4F var 20,3 m€ samanborið við 16,0 m€ á 4F 2024

Árið 2025

- Rekstrartekjur ársins 2025 voru 409,7 m€ samanborið við 389,4 m€ árið 2024
- EBITDA ársins 2025 var 90,6 m€ (22,1%) en var 65,3 m€ (16,8%) árið 2024
- Hagnaður ársins 2025 var 60,0 m€, en var 40,5 m€ árið áður
- Hagnaður á hlut var 0,031 € en var 0,021 € árið 2024
- Heildareignir í árslok voru 997,7 m€ samanborið við 996,0 m€ í árslok 2024
- Eiginfjárlutfall var í lok árs 52% og eigið fé samtals 521,3 m€

Helstu atriði úr starfseminni

- Heildarbotnfiskafli skipa félagsins á árinu 2025 var 43.300 en auk þess veiddi Þerney 3.700 tonn af makríl og síld, botnfiskafli ársins 2024 var 48.100 tonn. Helstu breytingar á botnfiskheimildum á kvótaárinu 2025/26 frá fyrra ári eru samdráttur í þorski 4,6%, ufsa 10,8%, gullkarfa 13,4% og djúpkarfa um 34,2%. Aftur á móti er aukning í ýsu um 2,7% og grálúðu um 17,2%. Engin úthlutun er til íslenskra skipa til veiða í Barentshafi fyrir árið 2026 eins og árið 2025 þar sem heildarúthlutun þar er undir þeim mörkum sem þau þurfa að vera til þess að íslensk skip fái þar aflaheimildir.
- Afli uppsjávarskipa var 102.000 tonn á árinu 2025 sem er aukning um 6.000 tonn frá árinu 2024, aukning var í makríl um 6.000 tonn og síld 3.800 tonn en minnkun í kolmunna um 4.000 tonn, auk þess veiddu skip félagsins 850 tonn af loðnu.

Rekstur

Rekstrartekjur Brims hf. árið 2025 námu 409,7 m€ samanborið við 389,4 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 90,6 m€ eða 22,1% af rekstrartekjum, en var 65,3 m€ eða 16,8% árið áður. Nettó fjármagnsgjöld voru 17,6 m€ samanborið við 17,6 m€ árið áður.

Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 17,0 m€, en voru 14,5 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 70,6 m€, samanborið 46,1 m€ árið áður. Gjaldfærður tekjuskattur nam 10,6 m€, en var 5,6 m€ árið áður. Hagnaður ársins varð því 60,0 m€ en var 40,5 m€ árið áður.

Meðalfjöldi ársverka árið 2025 var 655 en var 661 árið 2024. Laun og launatengd gjöld námu samtals 100,3 m€, samanborið við 87,6 m€ árið áður (14,5 milljarðar króna á meðalgengi ársins samanborið við 13,1 milljarða árið áður).

Ársuppgjör Brims hf. 2025

Fréttatilkynning

LYKILTÖLUR REKSTRAR

EUR '000	4F 2025	4F 2024	2025	2024
Seldar vörur	114.463	105.216	409.668	389.365
Kostnaðarverð seldra vara	(92.512)	(87.053)	(320.248)	(323.708)
Vergur hagnaður	21.951	18.163	89.420	65.657
Aðrar tekjur	713	25	713	3.400
Útflutningskostnaður	(1.462)	(1.755)	(6.071)	(7.434)
Annar rekstrarkostnaður	(3.523)	(3.268)	(12.944)	(12.382)
Rekstrarhagnaður	17.679	13.165	71.118	49.241
Fjáreignatekjur	1.438	1.844	2.702	4.011
Fjármagnsgjöld	(4.154)	(5.968)	(18.054)	(23.178)
Gengismunur	674	689	(2.220)	1.584
Áhrif hlutdeildarféлага	6.506	8.163	17.017	14.452
Hagnaður fyrir tekjuskatt	22.143	17.893	70.563	46.110
Tekjuskattur	(1.836)	(1.856)	(10.562)	(5.595)
Hagnaður tímabilsins	20.307	16.037	60.001	40.515
EBITDA	22.021	18.254	90.609	65.304
EBITDA%	19,2%	17,3%	22,1%	16,8%

Ársuppgjör Brims hf. 2025

Fréttatilkynning

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 997,7 m€ árslok 2025. Þar af voru fastafjármunir 797,4 m€ og veltufjármunir 200,2 m€. Fjárhagsstaða félagsins er sterk og nam eigið fé 521,3 m€ og var eiginfjárhlutfall 52,3%, en var 49,0% í lok árs 2024. Heildarskuldir félagsins í árslok 2025 voru 476,4 m€.

LYKILTÖLUR EFNAHAGS

EUR '000	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir	797.428	820.968
Veltufjármunir	200.242	175.005
Eignir samtals	997.670	995.973
Eigið fé	521.316	488.919
Langtímaskuldir	264.876	398.102
Skammtímaskuldir	211.478	108.952
Eigið fé og skuldir	997.670	995.973

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 57,1 m€ árið 2025, en var 45,3 m€ árið áður. Fjárfestingarhreyfingar voru jákvæðar um 24,9 m€, fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 60,1 m€ og áhrif gengisbreytinga voru neikvæð um 2,5 m€. Handbært fé hækkaði því um 19,3 m€ á tímabilinu og var í árslok 71,5 m€.

EUR '000	2025	2024
Handbært fé frá rekstri	57.074	45.253
Fjárfestingarhreyfingar	24.876	(39.476)
Fjármögnunarhreyfingar	(60.079)	11.371
Áhrif gengisbreytinga	(2.539)	809
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	19.332	17.957
Handbært fé í árslok	71.467	52.135

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2025 (1 evra = 144,65 ísk) voru tekjur 59,3 milljarðar króna, EBITDA 13,1 milljarðar og hagnaður 8,7 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2025 (1 evra = 147,2 ísk) voru eignir samtals 146,8 milljarðar króna, skuldir 70,1 milljarðar og eigið fé 76,7 milljarðar.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Rekstur Brims á árinu 2025 gekk vel. Umtalsverður samdráttur var í veiðum á mikilvægum botnfisktegundum eins og þorski, ýsu og gullkarfa en afurðaverð á þorski, ýsu og ufsa voru mjög há og réð þar mestu minna framboð á mörkuðum vegna aflabrests í Barentshafi. Makrílveiðar gengu sérlega vel og þar voru há afurðaverð.

Á árinu 2025 kom í ljós eins og oft áður að Brim er traust og sterkt félag sem siglir áfram í gegnum öldur og brimskafla. Rekstur og efnahagur er öruggur. Heildareignir nema um 998 milljónum evra og er eiginfjárlutfallið 52,2%. Bókfært eigið fé Brims er 521 milljón evra og nam arðsemi eigin fjáris 12%. Samkvæmt stefnu félagsins er um helmingur hagnaðar greiddur út til hluthafa eða 47% að þessu sinni og nema arðgreiðslurnar nú 2,1 kr á hvern hlut.

Þegar horft er um öxl til ársins 2025 í íslenskum sjávarútvegi ber hæst umrótið á vettvangi stjórnmalanna þar sem tekist var á um veiðigjöld og starfsskilyrði greinarinnar. Sú ólga sem þar skapaðist hafði lítil áhrif á rekstur Brims en þeim mun meiri áhrif á framtíðarhorfur sem birtist m.a. í að við höldum að okkur höndum í fjárfestingum í framleiðslutækjum félagsins á Vopnafirði, Akranesi og í Reykjavík.

Þegar horft er til ársins 2026 lítur vel út með veiðar og afurðaverð. Þegar hins vegar er horft til þeirra breytinga á lögum um veiðigjöld sem samþykkt voru á Alþingi á síðasta ári blasir við óvissa um hver veiðigjöld verða á hverja fisktegund á næstu árum því eins og sjá má á þessu ári þá hækkaði t.d. veiðigjald á makríl fyrir árið 2026 um 150% en lækkaði á síld um 60%. Einnig er mikil óvissa um þróun raforkuverðs á Íslandi í dag vegna mikilla hækkana á flutningskostnaði raforku. Þegar óvissa sem þessi ríkir í rekstrarumhverfi sjávarútvegs-fyrirtækja er eðlilegt að þau haldi að sér höndum við fjárfestingu í framleiðslutækjum og fari varlega við uppbyggingu vinnslu sjávarfangs hér á landi.“

Aðalfundur

Aðalfundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 19. mars 2026 klukkan 16:30. Nánari upplýsingar verða veittar á heimasíðu félagsins www.brim.is.

Tillaga stjórnar á aðalfundi um arðgreiðslu

Samkvæmt stefnu félagsins sem kynnt var í skráningarlýsingu félagsins árið 2014 leggur stjórn félagsins til að arðgreiðsla á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 verði 2,1 kr. á hlut, eða 4.043 millj. kr. (um 27,5 millj. evra á lokagengi ársins 2025), eða 2,9% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2025. Arðurinn verði greiddur 30. apríl 2026. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 19. mars 2026 og arðleysisdagur því 20. mars 2026.

Arðsréttindadagur er 23. mars 2026. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 26. febrúar 2026. Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards) og hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur þann 26. febrúar 2026

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 26. febrúar klukkan 16:30 að Norðurgarði 1, þar mun Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynna uppgjörið. Fundurinn verður einnig rafrænn og hægt verður að fylgjanst með fundinum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Spurningum verður svarað í lok fundar.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun með vörupróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur	19. mars 2026
Arðgreiðsludagur	30. apríl 2026
Fyrsti ársfjórðungur	28. maí 2026
Annar ársfjórðungur	27. ágúst 2026
Þriðji ársfjórðungur	19. nóvember 2026
Fjórði ársfjórðungur	25. febrúar 2027

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.